

# „Veikir menn fara á spítala“



mbl.is/RAX

menn fara á spítala,“ segir Páll Winkel.

Á mbl.is í gærkvöldi kom fram að Geðhjálp segi varanleg úrræði bíða alvarlega geðfatlaðs fanga á Litla Hrauni að lokinni þriggja ára afplánun í fangelsinu í lok desember. Fanginn hafi ekki fengið reynslulausn vegna skorts á viðeigandi úrræði á síðasta ári.

Í tilkynningunni segir einnig að hvorki viðkomandi sveitarfélag né ríki hafi lýst sig reiðubúin til að búa manninum úrræði við hæfi. Vandí mannsins endurspeglir úrræðaleyzi samfélagsins gagnvart alvarlega, andlega veikum föngum, brotalamir í geðheilbrigðisþjónustu við fanga og hættuna á því að þjónusta við fólk með geðrænan vanda falli niður milli sveitarfélaga og ríkis með alvarlegum afleiðingum.

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, birti drög að skýrslu 30. september 2013 um málefni geðfatlaðra fanga þar sem fram kemur að fangar með alvarlegan geðvanda eigi lögum samkvæmt rétt á að afplána hluta eða allan dóm sinn á heilbrigðisstofnun. „Við óskuðum eftir afstöðu stjórnvalda. Við höfum fengið þau viðbrögð en eigum eftir að vinna úr þeim,“ segir Tryggvi og bætir við því að það verði gert á næstu dögum. Hann segir að viðbrögðin hafi komið sameiginlega frá heilbrigðis- og inn- anríkisráðuneytinu.

Engin úrræði eru í boði fyrir geðfatlaða fanga líkt og fram kom í tilkynningu frá Geðhjálp í gærkvöldi. Páll Winkel, fangelsismálastjóri segir að fangar eigi líkt og aðrir rétt á heilbrigðisþjónustu.

„Eins og aðrir þegnar landsins eiga þessir fangar rétt á heilbrigðisþjónustu, punktur, basta. Í öllum löndum sem við viljum bera okkur saman við þá er þetta í lagi. Veikir

[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/12/12/veikir\\_menn\\_fara\\_a\\_spitala/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/12/12/veikir_menn_fara_a_spitala/)